

Umhverfisstofnun Evrópu



hver við erum | hvað við gerum | hvernig við förum að því



Hlutverk

Umhverfisstofnun Evrópu, EEA, leitast við að efla sjálfbæra þróun og stuðla að framförum í umhverfismálum Evrópu sem verulega munar um. Í því skyni stundar stofnunin markvissa, tímabæra, viðeigandi og trausta upplýsingamiðlun, jafnt fyrir þá sem marka stefnuna sem og allan almenning.



Aðildarríkin

Aðild að EEA eiga aðildarríki ESB, en auk þess er hún opin ríkjum utan sambandsins. Aðildarríkin eru nú 32 talsins, þ.e. aðildarríki ESB, 27 að tölu, og að auki Ísland, Liechtenstein, Noregur, Sviss og Tyrkland. Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Króatía, fyrrum júgóslavneska Lýðveldið Makedónía, Svartfjallaland og Serbía hafa sótt sameiginlega um aðild og hafa starfað með EEA í allmörg ár.

Notendur þjónustunnar og markhópar


Helstu hagsmunaaðilar sem tengjast EEA eru Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Evrópuþingið, ráð Evrópusambandsins, og aðaláherslan er á að sinna þörfum þeirra sem fara með formennsku ESB á hverjum tíma, svo og þörfum aðildarríkja EEA.

Til viðbótar við þessa helstu stefnumótendur á vettvangi Evrópu og innan einstakra landa

vinnur EEA einnig með stofnunum ESB, en meðal þeirra má telja Efnahags- og félagsmálanefndina, Svæðanefndina, Fjárfestingabanka Evrópu, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, og fagstofnanir ESB. Auk ESB eru atvinnulífið, háskólarnir, stofnanir utan opinbera geirans og hinn almenniborgari mikilvægir notendur upplýsingaþjónustu EEA.

EEA leggur áherslu á að tryggja gagnkvæm samskipti við aðila sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar, bæði til að meta upplýsingaþörfina réttilega og til að ganga úr skugga um að þessir aðilar skilji upplýsingarna og geti nýtt sér þær.





Upplýsingamiðstöð EEA

Í upplýsingamiðstöðinni fá þeir sem biðja um upplýsingar milliliðalaus og persónulega þjónustu. Hún er opin almenningi alla virka daga.

Vefsvæði EEA

Vefur stofnunarinnar, eea.europa.eu er ein yfirgripsmesta almenna upplýsingaþjónusta um umhverfi smál sem til er á netinu. og jafnframt sú upplýsingaveita EEA sem mest umferð er um. Heildartexta allra skýrslna, samantekta og greina er að finna á vefsvæðinu og niðurhleðslan kostar ekki neitt. Einnig er mikið af gögnum og upplýsingum á vefnum sem styðja við skýrslurnar. Það færast stöðugt í vöxt að fjölmiðlunarefni sé notað til að auðvelda samskipti og til að koma efninu til fleiri viðtakenda.

Efnið sem EEA sendir frá sér

EEA sendir frá sér matsgerðir og upplýsingar í ýmsu formi, bæði sem skýrslur, stutt yfirlit, greinar, fjölmiðlunarefni og að auki efni og þjónustu á netinu. Þar er fjallað um ástand umhverfismála, hvert stefnir og álag, efnahagslega og samfélagslega drifkrafta, gagnsemi og virkni stefnumótunar, og að auki aðgerðir til að sjá fyrir þróun, horfur og vandamál framtíðarinnar á hinum ýmsu sviðum. Til þess er beitt framtíðarsviðsmyndum (scenarios) og fleiri aðferðum.

Samantektir stórra skýrslna og ýmisskonar greinar og fréttatilkynningar eru oft þýddar á opinber tungumál aðildarríkja EEA.

Að panta efni frá EEA

Prentað efni frá EEA er hægt að panta og kaupa hjá bóksöllum eða hjá söluaðilum Útgáfustofu ESB í hverju landi (http://publications.europa.eu/others/agents/index_en.htm) eða í bókabúð hennar á netinu (<http://bookshop.europa.eu>). Til að fá uppfært yfirlit yfir prentað efni er ráð að skoða "products/publications" á vefsvæði okkar.

Mönnum er bent á að gerast áskrifendur að RSS efnisflæði eða tilkynningaþjónustu EEA til að fá vefpóst í hvert skipti sem nýjar skýrslur eru settar á vefsvæðið.

Vinsamlegast notið fyrirspurnaform Upplýsingamiðstöðvar EEA (EEA Information Centre). til að fá eintök af ókeypis prentuðu efni stofnunarinnar.

Evrópska miðlunarkerfið fyrir umhverfisupplýsingar

Í febrúar 2008 lagði Framkvæmdastjórn Evrópu til að sett yrði á stofn ný upplýsingamiðlun á sviði umhverfismála, sem nefnast skyldi Evrópska miðlunarkerfið fyrir umhverfisupplýsingar (*Shared Environmental Information System for Europe, SEIS*), þ.e. veflægt kerfi þar sem opinberir upplýsingamiðlar geta skipst á umhverfisupplýsingum og -gögnum. SEIS er ætlað að beina í einn farveg gagnafleði og upplýsingum sem fyrir hendi eru um umhverfisstefnu og -löggjöf ESB svo að bæði stefnumótendur og allur almenningur eigi þar greiðan aðgang. Stærsta verkefnið verður að þróa SEIS á þann veg að það verði vettvangur fyrir hindrunarlausu miðlun svo að notendurnir geti hlaðið niður og skipst á upplýsingum.

Á komandi árum munu EEA og Eionet vinna með Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og öðrum hagsmunaaðilum að því að koma starfsemi SEIS í fullan gang. Það munum við gera með því að hagnýta fyrirbyggjandi kerfi og tæki (Reportnet), frumkvæði í tengslum við rafræna stjórnslu (e-Government), Innviði fyrir landfræðilegar upplýsingar í Evrópu (Infrastructure for Spatial Information in Europe, INSPIRE) og kerfin Global Monitoring for Environment and Security (GMES) og Global Earth Observation System of Systems (GEOSS).

'Almennir borgarar, stefnumótendur, vísindasamfélagið og stjórnámálamenn, njóta allir góðs af verkum EEA og svo mun verða áfram í æ vaxandi mæli. Loftlagsbreytingar, skerðing líffræðilegrar fjölbreytni og ástand lofts og vatns eru allt málefni sem mikið er deilt um. Að mínu áliti er það forsenda fyrir áframhaldi umræðunnar að hin framsækna Umhverfisstofnun Evrópu knýi hana áfram. EEA mun á næstu fimm árum sjá okkur fyrir upplýsingum með nýju sniði, sem koma á réttum tíma, hitta í mark og eru traustar og áreiðanlegar.'

Formaður Framkvæmdastjórnar EEA, Dr Karsten Sach

Skipulag

Evrópubandalagið setti reglugerð um stofnun EEA og Evrópskt upplýsinga- og eftirlitsnet í umhverfismálum (Eionet) árið 1990 og starfsemi EEA hófst fyrir alvöru árið 1994.

Starfsfólk EEA kemur frá 32 aðildarríkjum og flest starfar það í aðalstöðvunum í Kaupmannahöfn. Þar á meðal eru sérfræðingar í umhverfisfræðum og sjálfbærri þróun, upplýsingastjórnun og samskiptamálum. Þetta fólk vinnur saman að söfnun, greiningu og túlkun upplýsinga frá aðildarríkjunum sem að því loknu eru sendar áfram til hagsmunaaðila og almennra borgara innan ESB kerfisins og reyndar víðar.

EEA hefur komið á fót og rekur Evrópskar verkefna miðstöðvar (European Topic Centres, ETCs) til að styðja við öflun, stjórnun og greiningu gagna. Miðstöðvar þessar eru staðsettar víðsvegar í aðildarríkjum EEA og ná yfir öll helstu umhverfis- og rekstrarsvið starfsáætlunar EEA.

Framkvæmdastjórn

Formaður
32 fulltrúar aðildarríkjanna
Tveir fulltrúar tilnefndir af Evrópuþinginu
Tveir fulltrúar Framkvæmdastjórnar Evrópu
Áheyrnarfulltrúi: Formaður vísindanefndarinnar

Vísindanefndin

Allt að 20 vísindamenn tilnefndir af Framkvæmdastjórninni, sérfræðingar á fjölmörgum sviðum umhverfismála.


Stjórnun

EEA er stýrt af framkvæmdastjórn sem í eru fulltrúar aðildarríkjanna, einn frá hverju landi, tveir frá Framkvæmdastjórn ESB og tveir vísindamenn tilnefndir af Evrópuþinginu. Meðal verkefna framkvæmdastjórnarinnar er að staðfesta fjölára áætlun EEA, verkáætlun hvers árs og að ganga frá ársskýrslu, skipa framkvæmdastjóra og tilnefna aðila í vísindanefnd EEA. Fjölára áætlunin sem nú er í gildi nefnist Stefnumörkun EEA 2004–2008.

Framkvæmdastjórnin er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórninni hvað varðar framkvæmd áætlanna og daglegan rekstur EEA. Vísindanefndin er framkvæmdastjórninni og framkvæmdastjórnunum til ráðgjafar.

Starfsemi EEA er skipulögð samkvæmt árlegum verkáætlunum sem heyra undir fimm ára sóknaráætlanir og fjölára verkáætlanir. Yfirstandandi sóknaráætlun nær yfir árin 2009–2013.

Stjórnareiningar EEA



Starfssvið

EEA stefnir að því að:

- uppfylla upplýsingakröfur ESB og alþjóðlegrar lagasetningar um umhverfismál;
- meta ástand umhverfismála í Evrópu og árangur stefnumótunar;
- bæta samræmingu og dreifingu umhverfisgagna og -upplýsinga er snerta Evrópu.

'Traust og framsýn stefnumótun, krefst ítarlegra upplýsinga. Okkur hefur miðað vel áfram í þá átt. Hins vegar erum við á byrjunarreit hvað það varðar að gera okkur grein fyrir þeim stórkostlegu möguleikum sem felast í umhverfisupplýsingunum. EEA leitast við að beina tækniþróuninni, einkum í tengslum við netið, inn á ný svið þar sem miðlun umhverfisupplýsinga á vegum Evrópska miðlunarkerfisins fyrir umhverfisupplýsingar (SEIS) kemur mikið við sögu.'

Framkvæmdastjóri EEA,
Jacqueline McGlade prófessor

Eionet og aðrir samstarfsaðilar EEA


Upplýsingarnar sem EEA miðla eigasér margskonar uppruna. Tenglanet umhverfisstofnana landanna sem sett var upp til að starfa með EEA — Evrópskt upplýsinga- og eftirlitsnet í umhverfismálum (Eionet) — innifelur meira en 300 stofnanir víðsvegar um Evrópu. Það er hlutverk EEA að þróa og fullkomna þetta upplýsinganet og samræma aðgerðir þess. Í því skyni vinnum við náið með landstengiliðunum (National Focal Points, NFPs) sem flestir heyrja undir umhverfisstofnanir eða umhverfisráðuneyti aðildarríkjanna. Þeir sjá um að samræma starfsemi Eionet í viðkomandi löndum.

Eitt helsta hlutverk tengiliðanna í hverju landi er að þróa og viðhalda tenglakerfum landsins, tengjast innlendum aðilum sem

láta upplýsingar í té, safna og miðla gögnum og upplýsingum frá vöktunaraðilum og öðrum og beina þeim í rétta farvegi, hjálpa EEA að greina upplýsingar sem safnast hafa og aðstoða við að koma upplýsingum frá EEA til endanlegra notenda í aðildarríkjunum.

Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar sem miðla upplýsingum til EEA eru alþjóðastofnanir og stofnanir í Evrópu, eins og til dæmis Hagstofa (Eurostat) og Sameiginleg rannsóknamiðstöð (JRC) Framkvæmdastjórnar Evrópu, Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO). EEA vinnur náið með þessum stofnunum að söfnun upplýsinga og matsgerða fyrir þá aðila sem njóta þjónustu EEA og hina ýmsu markhópa.

Evrópskt upplýsinga- og eftirlitsnet í umhverfismálum (Eionet)



'Það er markmið okkar sem störfum hjá EEA að miðla til stefnumótenda og almennra borgara Evrópu tímabærum og markvissum upplýsingum og þekkingu til að undirbyggja stefnumótun í umhverfismálum eins vel og kostur er á, svo að þessir aðilar eigi hægara um vik að svara spurningum um umhverfismál í daglegu lífi og til að tryggja að umhverfisleg hugsun og uppeldi verði ein af meginstoðum ákvarðana.'

Stefnumörkun EEA 2009–2013

България Belgique/België Česká republika Danmark Deutschland Eesti Ελλάδα España France Ireland Ísland Italia Κύπρος Latvija Liechtenstein Lietuva Luxembourg Magyarország Malta Nederland Norge Österreich Polska Portugal Romania Slovenija Slovenská republika Suomi/Finland Schweiz/Suisse/Svizzera Sverige Türkiye United Kingdom България Belgique/België Česká republika Danmark Deutschland Eesti Ελλάδα España France Ireland Ísland Italia Κύπρος Latvija Liechtenstein Lietuva Luxembourg Magyarország Malta Nederland Norge Österreich Polska Portugal Romania Slovenija Slovenská republika Suomi/Finland Schweiz/Suisse/Svizzera Sverige Türkiye United Kingdom България Belgique/België Česká republika Danmark Deutschland Eesti Ελλάδα España France Ireland Ísland Italia Κύπρος Latvija Liechtenstein Lietuva Luxembourg Magyarország Malta Nederland Norge Österreich Polska Portugal Romania Slovenija Slovenská republika Suomi/Finland Schweiz/Suisse/Svizzera Sverige Türkiye United Kingdom

Sambandsupplýsingar:

European Environment Agency
Kongens Nytorv 6
1050 København K
Danmark
Bréfsími +45 33 36 71 99
Sími +45 33 36 71 00
Vefsvæði: eea.europa.eu

ISBN 978-92-9213-058-9



9 789292 113058 9



Publications Office

